

Vorfundur skólaráðs Urriðaholtsskóla

4. júní 2025

Mættir eru:

Þorgerður Anna skólastjóri, Una Guðrún aðstoðarskólastjóri, Arnún Einarsson Aðstoðarleikskóla skólastjóri Þóra Hallgrímsd. skrifstofustjóri, Sigurlín Sæmundsd, deildarstjóri á leikskóla, Felix Woelflin grunnskólakennari, Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds, Heiðdís Rut Hreinsdóttir, grunnskólastig, Sigríður Rún Siggeirsdóttir, grunnskólastig. Íris Ósk Ingaðóttir umsjónarmaður frístundarheimilis.

Jónína Klara Pétursdóttir og Guðrún Þorsteinsdóttir deildarstjórar grunnskóla eru gestir fundarins.

Efni fundarins er:

1. Skólaárið – yfirferð
2. Skóladagatal 2025-2026 og 2026-2027
Þorgerður fer yfir skóladagatal næsta skólaárs. Eins farið yfir drögin fyrir 26-27-rangt dagatal sett inn í kynningu. Verður leiðrétt í lok fundar.
3. Skólapúls – niðurstöður úr foreldrakönnun á leik- og grunnskólastigi

Leikskólastig

Maturinn er að dala. Samningur rennur út 31. Júlí. Nýir samningar kynntir fljótlega. Almenn ánægja með skólann. Haustið var flókið sem hefur áhrif. Tækifæri til að bæta og sú vinna hafinn. Bæting milli ára með námsumhverfi en undir landsmeðaltali. Upplýsingamiðlun- þarf að vera markvissari. Leikskólabyrjun, og flutningur milli skólastiga gekk vel, flutningur milli deilda gekk verr. Heilt yfir- er jákvæð upplifun foreldra/forráðafólks. Vilja vita meira um starfið og fá fleiri myndir. Ánægjan aðeins minni en í síðustu mælingu en skýringar á því sem hægt er að vinna með.

Grunnskólastig

Könnunin kom gríðarlega vel út. Yfir landsmeðaltali. Kallað eftir meiri aga. Ánægja með starfsfólk skólans. Meðaltímabil eineltis er styttra en á landsvísu. Erum að fá flókin og erfið samskiptamál sem oft eru vegna samskipta á samfélagsmiðlum. Framkvæmd var tengslakönnun í öllum árgöngum og markvisst viðbragð við þeim niðurstöðum. Áfram er unnið með markvissa kennslu í félagsfærni. Ánægja með þjónustu skólans. Foreldrasamstarf kemur vel út að undanskildu síðasta foreldraviðtali. Heimastuðningur meiri en á landinu, vætingar til háskólanáms langt yfir landsmeðaltali, væntingar til iðnnáms langt undir meðaltali. Skólinn

þarf því að leggja mikið upp úr því að kynna iðnnám í skólanum.

4. Skólapúls – niðurstöður úr nemendakönnunum

Guðrún og Jóna Klara fara yfir niðurstöður.

2.-5. bekkur

Ánægja af lestri dalar þrátt fyrir að þau séu yfir landsmeðaltali í lestri. Ánægja með skólann er marktækt minni en á landsvísu. Velliðan í skólanum líka undir landsmeðaltali þó 4. bekkur kemur verst út.

6.-10. bekkur

Ánægja þeirra er yfir landsmeðaltali. Líður vel í skólanum. Tíðni eineltis þó yfir landsmeðaltali. Mjög ósátt við matinn. Sátt við samband sitt við kennarana sína. Vilja meiri endurgjöf á frammistöðu.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Farið yfir helstu niðurstöður. Heilt yfir koma þau vel út.

5. Stöðu og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði – þátttökuskóli fyrir

innleiðingu, upplýsingar

Matsferill

Farið yfir hver kyns próf þetta er – stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði.

6. Innritun – haust 2025 leik- og grunnskólastig

Nemendur verða rúmlega 600 næsta skólaár.

7. Mönnun – haust 2025 leik- og grunnskólastig

Gengur vel að ráða í stöður, en vantar í um 20 stöður.

8. Heimasíða – staðan

Stefnt er á nýja síðu um áramót 25-26

9. Framkvæmdir – staðan

Afhending er ráðgerð vor 2026

10. Önnur mál

Jákvætt umtal um Urriðaholtsskóla.

Hrós til kennara, sérstaklega á unglíngastigi, miðstigi.

Skólaver, stoðþjónustu miðstöð í samvinnu með Arnarskóla.

11.

Fundi slitið kl.10.

